



Reglur til að fara á IDSF dómaramámskeið

Stjórn DSÍ hefur samið verklagsreglur til að vinna eftir til að ákveða hverjir hafi rétt til að fara á dómara námskeið (congress) á vegum IDSF og þarf af leiðandi fá réttindi til að dæma fyrir hönd Íslands á alþjóðlegum IDSF mótum:

- Viðkomandi hafi alþjóðlegt danskennarapróf, sem IDSF metur gilt.
- Viðkomandi sendir á skrifstofu DSÍ útfyllt umsóknarblað ásamt öllum þeim gögnum, sem IDSF fer fram á að fylgi umsókninni. DSÍ sér síðan um að koma öllum gögnum til réttra aðila hjá IDSF. IDSF metur síðan hvort viðkomandi uppfylli öll skilyrði til að sitja dómaramámskeiðin.
- DSÍ greiðir námskeiðsgjald fyrir viðkomandi, samkvæmt gjaldskrá IDSF á hverjum tíma, hafi IDSF samþykkt umsóknina.
- Viðkomandi sé íslenskur ríkisborgari.
- Viðkomandi sé giftur íslenskum ríkisborgara, ef hann er ekki sjálfur íslenskur ríkisborgari.

Samþykkt að stjórnarfundi 9. janúar 2007